

128. löggjafarþing 2002–2003.  
Þskj. 993 — 516. mál.

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um kostnað við glasafrjógvanir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Er hægt að sækja um styrki vegna kostnaðar við glasafrjógvanir og ef svo er, hvaða reglur gilda þar um?*

Engar reglur eru um endurgreiðslu kostnaðar sjúkratryggðra vegna glasafrjógvunar eða um styrki vegna glasafrjógvana. Rétt er þó að vekja athygli á því að eins og fram kom í svari við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur og Guðrúnar Ögmundsdóttur um sértekjur glasafrjógvunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss (þskj. 682 í 188. máli þessa löggjafarþings) greiddu sjúklingar á síðustu þremur árum að meðaltali um 30% meðferðarkostnaðar að meðtöldum lyfjakostnaði. Þátttaka ríkisins í kostnaði við glasafrjógvun er því að meðaltali um 70%.